

Nd.

§3. Frumvarp

til laga um ófriðnn sels i Ölfusá.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í Ölfusá i Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Skal atvinnumálaráðnneytið greiða bæturnar af hendi úr ríkissjóði og hafa sent sýslumanni til ráðstöfnar fyrir 1. júlí ár hvert, en helming bótanna skulu þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og á m þeim, er i hana renna, endnrgreiða ríkissjóði, að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta ár á undan, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Pegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarjett á jörðinni skulu bætur til hans greiddar að fullu úr ríkissjóði án endnrgjaldsrjettar að helmingi frá laxveiðieigendum.

4. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram 1928 á þskj. 346 og eru feldar inn í það breytingar nefndar á þskj. 432.